

106 eiga hlut að máli. — Sektir falla hálfar til uppljóstrarmanns, ef til er, og hálfar í sýslusjóð, en ella fellur sektin öll í sýslusjóð.

8. gr.

Hreppstjórar skulu skyldir að hafa nákvæmt eptirlit með, að reglugjörð þessari sje fylgt.

9. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. janúar 1896.

*

*

*

Framanrituð reglugjörð var samþykkt af sýslunefnd Húnavatnssýslu á aðalfundi hennar 9.—14. marz 1894.

Skrifstofu Húnavatnssýslu, 22. júlí 1896.

Jóh. Jóhannesson

settur.

107

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Austuramtinu 29. júní til 2. júlí 1896.

Ár 1896, hinn 29. júní, var aðalfundur amtsráðs Austuramtsins settur og haldinn á Eskifirði af forseta amtsráðsins amtmanni Páli Briem, amtsráðsmanni Austur-Skaptafellsýslu hjeraðslækni Þorgrími Þórðarsyni, amtsráðsmanni Suður-Múlasýslu búfræðingi Sigurði Einarssyni á Hafursá, amtsráðsmanni Norður-Múlasýslu prófasti Einari Jónssyni í Kirkjubæ og amtsráðsmanni Norður-Þingeyjarsýslu hreppstjóra Árna Kristjánssyni á Lóni.

Á fundinum komu þessi mál til umræðu:

1. Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða 1895 með fylgiskjöllum:
 - a. Jafnaðarsjóðs Austuramtsins.
 - b. Búnaðarsjóðs —»—
 - c. Búnaðaskólasjóðs —»—
 - d. Gjafasjóðs Guttorms prófasts Þorsteinssonar.
 - e. Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsseinsonar.
 - f. Bókasafns Austuramtsins.
2. Fram var lagt brjef landshöfðingjans, dags. 21. sept. f. á., um, að amtsráðið hafi eptirlit með, að fram fylgt verði lögum frá 11. júlí 1890, um styrktarsjóði handa alþýðufólki.
3. Fram voru lagðir eptirfylgjandi sýslusjóðsreikningar:
 - a. Austur-Skaptafellssýslu 1895.
 - b. Suður-Múlasýslu 1894 og 1895.
 - c. Norður-Múlasýslu 1895.
 - d. Norður-Þingeyjarsýslu 1895.

Og var amtsráðsmönnum Austur-Skaptafellssýslu og Norður-Þingeyjarsýslu falið að rannsaka þá.

4. Fram voru lagðir eptirfylgjandi sýsluvegasjóðsreikningar :

- a. Austur-Skaptafellssýslu 1895.
- b. Suður-Múlasýslu 1894 og 1895.
- c. Norður-Múlasýslu 1895.
- d. Norður-Þingeyjarsýslu 1895.

Og var amtsráðsmönnum Múlasýslunnanna falið að rannsaka þá.

5. Forseti lagði fram eptirrit af gjörðabókum sýslunefnda :

- a. Úr Austur-Skaptafellssýslu af fundi 13.—14. apríl þ. á.
- b. — Suður-Múlasýslu af fundi 13. sept. 1895, 17.—19. marz og 28. maí 1896.
- c. — Norður-Múlasýslu af fundi 14. sept. 1895 og 27.—29. maí 1896.
- d. — Norður-Þingeyjarsýslu af fundi 21.—22. apríl 1896.
- e. Af sameiginlegum fundi Norður- og Suður-Múlasýslu 14. sept. 1895 og 29. maí 1896.

f. Af sameiginlegum fundi Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu 20. apríl 1896. Eptirrit þessi voru yfirfarin og gjörðar við þau þessar athugasemdir :

a. Í Austur-Skaptafellssýslu: Að sýslunefndin hefði eigi fengið neinar skýrslur um hag styrktarsjóðanna, nema úr Hofshreppi og Borgarhafnarhreppi, en reikningarnir þadan eru eigi endurskoðaðir. Fól amtsráðið því forseta sínum að heimta upplýsingar um hag styrktarsjóðanna í sýslunni í árslok 1895.

b. Í Suður-Múlasýslu:

1. Áætlun fyrir árið 1895 var eigi gjörð, fyr en á fundi 28. maí 1896, sem má alls ekki eiga sjer stað.
2. Á fundi 13. sept. 1895 er tekið fram, að hreppareikningar hafi verið fram lagðir, en eigi er tekið fram, hverjir reikningar þetta hafi verið; sýslunefndin fól svo oddvita sínum að endurskoða og úrskurða reikningana, en sýslunefndin má eigi á þann hátt koma af sjer störfum sínum.
3. Sýslunefndin hefur eigi enn samið skýrslu um efnahag sveitasjóðanna fyrir fardagaárin 1892—93, 1893—94 og 1894—95. Reikningana hefur sýslunefndin fundið meira og minna skakka, og það svo, að enginn einn maður hefur fengið til að laga og endurskoða sveitarreikningana, og var því sýslunefndarmönnum falin á hendur endurskoðunin, og skyldi borga 100 kr. úr sýslusjóði fyrir þenna starfa. — Amtsráðið lætur í ljósi, að rjettara hefði verið, að hver hreppur hefði borgað fyrir að laga sína hreppsreikninga, og þar sem sýslunefndin hefur dregið það óhæfilega lengi að senda skýrsluna um efnahag sveitasjóðanna, var forseta falið að gjöra nauðsynlegar fyrirskipanir til þess, að frekari dráttur verði eigi á þessu máli.
4. Sýslunefndin samþykkti á fundi 28. maí 1896, að veita Eidahreppi úr sýsluvegasjóði 30 kr., en til hvers er ekki tekið fram.
5. Skýrslur um styrktarsjóðina hafa engar verið fram lagðar og vanta þær frá byrjun.

Á fundi 17. marz 1896 taka sýslunefndarmennirnir, hver í sínum hreppi, að sjer að sjá um, að skýrslur þessar komi fram fyrir 6. maí, en á fundi 28. maí er ekki minnst á styrktarsjóðina; þar sem sýslunefndin hefur dregið óhæfilega lengi að gefa skýrslu um hag styrktarsjóðanna, var forseta falið á hendur, að leggja fyrir sýslunefndina að gefa tafarlaust skýrslur um hag styrktarsjóðanna í árslok 1893, 1894 og 1895.

6. Á fundi 13. sept. 1995 vantar sýslunefndarmann, á fundi 17.—19. marz 1896 vantar 5 sýslunefndarmenn, án þess að þeir hafi skýrt frá neinum forföllum. Slikt má eigi eiga sjer stað, og ef sama kemur fyrir eptirleiðis, ber oddvita sýslunefndarinnar að kæra slikt tafarlaust fyrir amtmanni, svo að hlutadeigandi sýslunefndarmenn sæti ábyrgð fyrir vanrækslu sína.

c. Í Norður-Múlasýslu:

1. Skýrslur um hag styrktarsjóðanna höfðu eigi verið lagðar fram, og þar sem þær vanta frá byrjun, var forseta falið að leggja fyrir sýslunefndina, að gefa tafarlaust skýrslu um hag styrktarsjóðanna í árslok 1893, 94 og 1895.

d. Í Norður-Þingeyjarsýslu:

1. Styrktarsjóðsreikninga hefur vantað úr Presthólahreppi og Saudanesshreppi, og eigi eru tilgreindar eigur styrktarsjóðanna í hinum hreppunum, og var forseta því falið að heimta skýrslu um hag styrktarsjóðanna í árslok 1894 og 1895.
2. Sýslunefndin hefur færzt undan að kjósa mann til að endurskoða sýsluvegareikninginn, af því hún viti ekki til að nokkurstaðar sje slikt fyrirskipað, og var forseta því falið, að leiðbeina nefndinni í því efni.

6. Amtsráðsmenn Austur-Skaptafellssýslu og Norður-Þingeyjarsýslu lögðu fram sýslusjóðsreikninga þá, er þeir tóku til rannsóknar. Samkvæmt tillögum þeirra voru reikningarnir úrskurðaðir á þessa leið:

a. Við sýslusjóðsreikning Austur-Skaptafellssýslu þótti ekkert athugavert.

b. Við sýslusjóðsreikning Suður-Múlasýslu 1894 þótti athugavert:

1. Eptirstöðvar frá f. á. eru vantaldar um 50 kr.
2. Bóndi Páll Þorsteinsson í Þingmúla hefur fengið 50 kr. borgun af sýslusjóði fyrir átrodning kjörfundar 9. júní 1894, svo sem spjöll á túni og verkleysi vinnuhjúa; þar sem þetta sýnist langt of há borgun, brýnir amtsráðið fyrir sýslunefndinni, að greiða eigi óþörf gjöld úr sýslusjóði.

(Framh.)

Verzlunarræðismaður.

24. júní 1896 var kaupmaður *Carl Andreas Tulinius* viðurkenndur sem frakkneskur konsúlaragent í Faskrúðsfirði.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um innheimtu vinfangatolls o. fl. — Þjer hafð, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 4. þ. m., skýrt frá því, að skipið Ingeborg, sem komið hafi frá Noregi og verið fermt vörum til Blönduóss og Skagastrandar, hafi á leið sinni til síðastnefndra kaup-**108**
túna 26. apríl þ. á. lent í is fyrir Vesturlandi og því leitað hafnar í neyð á Ísa-**31. júlí**
firði; hafi bæjarfógetinn þar heimt toll af vínföngum þeim, sem skipið hafði meðferðis, svo og vitagjald af skipinu, en með því að skipstjórinn á hinu um-
rædda skipi hafi eigi haft peninga til að borga með frammanefnd gjöld, hafi hann gefið út ávísun á verzlunarstjóra P. Sæmundsson á Blönduós fyrir upphæð
gjaldanna, og hafð þjer nú eptir beiðni bæjarfógetans á Ísafirði innheimt upp-
hæð ávísunar þessarar. Jafnframt þessu hafð þjer með skírskotun til 4. gr. til-
skip. 26. febr. 1872, og landshöfðingjabrjefs 6. júlí 1886 (Stjttíð. 1886, B. bls. 83)
tekið það fram, að þjer væruð í efa um það, hvort rjett hafi verið að innheimta
umgetin gjöld á Ísafirði, og hafð þjer því beiðzt úrskurðar mins um þetta at-
riði, og hvort yður beri eigi að færa hinar umræddu tekjur inn í bækur Húna-
vatnssýslu og gjöra landssjóði beint skil fyrir þeim.

Út af þessu er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að með því að hvert skip samkvæmt 8. gr. laga 15. apríl 1854 á að sýna skjöl sín og láta rannsaka þau á þeirri höfn, sem það kemur fyrst á, en vínfangatollinn ber að heimta þar, er skipin sýna fyrst skjöl sín, sbr. ráðgjafabrjef 30. júní 1876 (Stjttíð. 1876, B. bls. 70) og landshöfðingja-
brjef 24. apríl 1877 (Stjttíð. 1877, B. bls. 57), var það rjett, að bæjarfógetinn á Ísafirði heimti toll þann, sem hjer er um rætt. Það virðist og liggja beinast við að skilja svo lög nr. 20, 10. oktbr. 1879, um vitagjald af skipum, að það gjald skuli greiða á þeirri höfn hjer á landi, er skipið kemur fyrst á, hvernig svo sem á komu þess stendur. Af framangreindum ástæðum ber því bæjarfó-
getanum á Ísafirði að standa landssjóði skil á hinum umræddu gjöldum.

Skýrsla

107

um aðalfund amtsráðsins í Austuramtinu 29. júní til 2. júlí 1896.

(Framh.)

- c. Við sýslusjóðsreikning Suður-Múlasýslu 1895 þótti athugasvert:
1. Eptirstöðvar frá f. á. eru vantaldar um 50 kr.
 2. Í gjaldalið II. (fskj. 2.) eru dánarbúi setts sýslumanns Sig. Pjeturssonar ofreiknaðar fyrir ferðakostnað og fæðispeninga 12 kr., en með til-
liti til þess, að dánarbúið hefur ekkert fengið fyrir sendiferð í þarfir sýslunefndarinnar, virðist mega við svo búið standa.
 3. Eptirleiðis ber eigi að telja búnaðarskólagjöld sýslunnar í sýslusjóðs-
reikningunum.
 4. Eptirstöðvarnar eru eigi rjett taldar í reikningnum, en það var lag-
fært af sýslumanni, að öðru leyti eru eptirstöðvarnar, eins og áður er
um getið, vantaldar um 50 kr., og ber því að telja eptirstöðvarnar:

28 dag ágústmán. 1896

- a. Í búi sýslumanns Johnsens kr. 1029,28
 b. Í búi setts sýslumanns Sig. Pjeturssonar — 250,21

Alls kr. 1279,49

d. Við reikning Norður-Múlasýslu þótti athugasvert:

1. Niðurjöfnunargjaldið er reiknað í heild sinni, en eptirleiðis ber að hafa sundurlíðaða skýrslu um niðurjöfnunargjald hvers hrepps.
2. Í tekjulíð 3 er talið inn komið fyrir mörk kr. 288.35, en skýrslu um, hverjir hafi greitt þessa upphæð vantar og ber að senda.
3. Sýslunefndarmenn hafa sumir eigi tilgreint fyrir hverja daga þeir hafi reiknað sjer dagpeninga.

Eptirleiðis ber að gæta þess, að þetta verði gjört. Enn fremur vantar kvittun fyrir kostnaði við fundarhöld á Eißum, að upphæð 165 kr. (gjaldal. I. 15—17) og ber að útvega þær og senda.

4. Endurskoðandi hefur athugað, að eigi sje heimild til að greiða sýslumanni 2 kr. á dag fyrir ferðakostnað og fæði, en amtsráðið ákveður, að sýslumaður að þessu leyti verði að teljast sem sýslunefndarmaður.
5. Endurskoðandi hefur athugað, að full yfirsetulaun hafi verið útborguð til manns, er dó skömmu fyrir árslok 1895. Amtsráðið ákvað, að við svo búið mætti standa.
6. Aðgjörð á Jökulsárbrú hefur kostað kr. 119.10, en úttektin ber með sjer, að smiðurinn hefur bæði reiknað sjer há daglaun og líka leyst verkið miður vel af hendi. Í þetta sinn má við svo búið standa, en eptirleiðis ber að hafa gætur á því, að borga eigi nema eptir því, sem verkið er af hendi leyst.
7. Kvittun fyrir 30 kr. fyrir prentun á sýslufundargjörð 1894 (gjaldal. VII) vantar og ber að senda.

e. Við sýslusjóðsreikning Norður-Þingeyjarsýslu 1895 þótti athugasvert:

Kvittun vantar fyrir dagpeningum reikningshaldara 12 kr. (gjaldal. 2), fyrir kostnaði við kjörfund 12 kr. (gjaldal. 4) og launum yfirsetukonunnar í Svalbarðshreppi 70 kr. (gjaldal. 6) og ber að útvega og senda kvittanir þessar.

7. Fram var lagt brjef sýslumannsins í Norður-Múlasýslu 25. júní þ. á. með útdrætti úr gjörðabók sýslunefndarinnar, þar sem hún óskar að nýtt yfirsetukonuhjerað yrði stofnað þannig, að það skyldi ná yfir alla Jökulsárhlið og Jökuldal upp að Hofteigi og Hnefilsdal, að þeim bæjum meðtöldum. Amtsráðið ákvað því þá breyting á yfirsetukvennaumdæmum í Norður-Múlasýslu að þau skyldu eptirleiðis vera þannig:

7. umdæmi Tunguhreppur.
8. umdæmi Hlíðarhreppur og Hofteigssókn upp að Hofteigi og Hnefilsdal, að þeim bæjum meðtöldum; og skyldi yfirsetukona þar hafa aðsetur á Hrafnabjörgum eða Hallgeirsstöðum.
9. umdæmi Hofteigssókn frá Hofteigi og Hnefilsdal, svo og Brúarsókn á Jökuldal.
10. umdæmi Vopnafjarðarhreppur.

8. Fram var lagt brjef sýslumannsins í Norður-Múlasýslu, dags. 15. þ. m., þar sem hann óskar, að amtsráðið samþykki, að sýslunefnd Norður-Múlasýslu mætti leggja 35 aura á hvert hundrað í lausafje og jarðeign í sýslunni. Amtsráðið samþykkti þetta. **107**
9. Fram var lagt brjef sýslumannsins í Norður-Múlasýslu, dags. 15. þ. m., þar sem hann óskar, að amtsráðið samþykki, að sýslunefndin þar mætti taka 2500 kr. lán til endurborgunar skuldar, sem hvílir á sýslusjóði. Amtsráðið samþykkti þessa lántöku með því skilyrði, að lánið skyldi endurborgast að minnsta kosti með jafnri upphæð á 20 árum, en bendir jafnframt á, að láns-tíminn hefði átt að vera styttri.
10. Framlagt var brjef sýslumannsins í Austur-Skaptafellssýslu, dags. 20. apr. þ. á., þar sem hann óskar að amtsráðið samþykki, að sýslunefndin þar mætti verja allt að 125 kr. af vegagjaldi sýslunnar til að styrkja gufubátsferðir í sýslunni sumarið 1896. Amtsráðið tók fram, að þó að sýsluvegirnir mundu þurfa vegagjaldsins með, þá veitti það samþykki sitt til þessarar fjárbeiðslu í þetta sinn.
11. Amtsráðið tók til ihugunar, hvernig verja skyldi styrk þeim af gullbrúðkaupslegati Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu hans frú Þórunnar Hannesdóttur, sem Norður- og Austuramtíð eiga að verða aðnjótandi í 3 ár (1895—1897); samkvæmt ályktun amtráðsins síðastliðið ár mun ganga til Austuramtsins ^{11/27} af styrknum, og leggur amtsráðið til að þessum hluta verði varið til að ryðja og bæta verstu torfærur á veginum yfir Smjörvatnsheiði.
12. Framlagt var brjef sýslumannsins í Norður-Múlasýslu dags. 24. júní þ. á., þar sem hann endursendir kæru verzlunarstjóra O.F. Davíðssonar, dags. 20. júní 1895, út af útsvari verzlunar Örum & Wulffs á Vopnafirði haustið 1894, að upphæð 1191 kr. 80 aur., með öllum fylgiskjölum málsins. Sýslunefndin hefir að nýju lagt úrskurð á málið samkvæmt fyrirskipun amtráðsins og ákveðið að útsvarið skyldi standa óbreytt, og hefir áðurnefndur verzlunarstjóri með brjefi, dags. 19. júní þ. á., að nýju skotið úrskurði sýslunefndarinnar til amtráðsins.

Amtsráðið lætur í ljósi, að þótt útsvarið sje mjög hátt, þá sje þó eigi hægt að fella það úr gildi sem ólöglegt, og þar sem ákveðið er í lögum 9. jan. 1880, 1. gr., að sýslunefnd leggi endilegan úrskurð á útsvarsmál, þá verður að sitja við úrskurð sýslunefndarinnar í Norður-Múlasýslu í þessu máli.

13. Framlagt var brjef landshöfðingja, dags. 28. des. f. á., þar sem hann óskar álits sýslunefndanna um ráðstafanir til eyðingar refum hjer á landi, og umsagnar amtráðsins um málið. Sýslunefndirnar í amtinu, að undantekinni Norður-Þingeyarsýslu, höfðu sagt álit sitt um þetta og voru álitsgjörðir þessar lagðar fram og sömuleiðis kynnti amtsráðið sjer umsögn amtráðsins í Norðuramtinu. Amtsráðið ljet síðan uppi svohljóðandi tillögur sínar um málið, sem ganga í sömu átt og tillögur amtráðsins í Norðuramtinu.

Að því er snertir grenjaleitir og grenjavinnslu virðist amtsráðinu, að eigi

107

sje að svo stöddu rjett að breyta hinum gildandi lögum um það mál, en aptur á móti þótti ráðinu, að það fyrirkomulag, sem nú á sjer stað með eitranir til eyðingar refum, væri ótryggilegt.

Fyrir því leggur amtsráðið til, að sett verði ný lög um eitranir fyrir refi, og að efni þeirra laga verði á þessa leið:

Sýslunefndirnar skulu sjá um rækilega eitrun fyrir refi í allri sýslunni. Hver sýslunefnd skal kjósa 1—3 menn til að hafa á hendi aðalframkvæmd á eitrun samkvæmt reglum, er sýslunefndin samþykkir. Framkvæmdarstjórn þessi sendir sýslunefndinni við lok hvers árs skýrslu um eitrun og árangur hennar. Amtsráðið staðfestir kosning sýslunefnda á framkvæmdastjórum og reglur sýslunefndanna um eitrun fyrir refi, og til amtsráðsins skulu sýslunefndirnar senda skýrslur framkvæmdastjóranna og skal amtsráðið hafa eptirlit með framkvæmdum þeirra, og hefir vald til að gjöra fyr fyrirskipanir, ef einhverjar sýslur draga sig í hlje hlutfallslega við aðrar sýslur.

Allur kostnaður, sem leiðir af eitruninni, svo sem kaup framkvæmdastjóra og borgun fyrir agn og eitur o. s. frv., skal greiðast að hálfu úr sýslusjóði, og að hálfu úr jafnaðarsjóði.

14. Amtsráðið tók til fhugunar, að sumstaðar væri ábótavant með grenjaleitir og grenjavinnslu og fól það því forseta sínum, að leggja fyrir sýslumenn að brýna fyrir hreppsnefndum að rækja vandlega skyldu sína í því efni og að heimta hjá þeim skýrslu á hverju ári um grenjaleitir og grenjavinnslu, samkvæmt fyrirmynd, er amtsráðið samþykkti.
15. Amtsráðsmenn Norður-Múla- og Suður-Múlasýslu lögðu fram sýsluvegasjóðs-reikninga þá, er þeir tóku til rannsóknar. Samkvæmt tillögum þeirra voru reikningarnir úrskurðaðir þannig:
 - a. Við reikninginn úr Norður-Þingeyjarsýslu þótti athugavert:
 1. Skýrsla um aðgerð á sýsluvegi í Pistilfirði og vottorð um, hvernig aðgerðin er af hendi leyst, vantar og ber að senda.
 2. Kvittun fyrir kostnaði (54 kr.) við skoðun á brúarstæði á Jökulsá (Gjaldal. 3) vantar og ber að senda.
 3. Í vottorði um vörðuhleðslu á neðri hluta Hólasands er ekki getið um, hvernig verkið sje af hendi leyst, eins og þó á að vera.
 - b. Við reikning Austur-Skaptafellssýslu þótti ekkert að athuga.
 - c. Við reikning Suður-Múlasýslu 1894, þótti athugavert.

Kvittun fyrir borgun fyrir vegavinnu á Reyndalsheiði er þannig lögud, að verzlunarstjóri St. Guðmundsson á Djúpavogi vottar, að upphæðirnar sjeu borgaðaðar í reikninga viðkomandi verkeiganda þar við verzlunina, samskouar kvittun er gefin fyrir borgun vegavinnu yfir Þórudal af kaupmanni Fr. Wathne. Eptirleiðis á að senda kvittun frá rjettum hlutaðeigendum.
 - d. Við reikning Suður-Múlasýslu 1895 þótti athugavert:
 1. Ýmsum af verkfæraskýrslum er talsvert ábótavant og ber sýslunefnd-

inni eptirleiðis að hafa gætur á, að skýrslurnar sjeu vel af hendi leystar. **107**

2. Vottorð um, hvernig aðgjörð á Teigagerðisbrú og ruðningur á vegi hjá Ljósá hafi verið af hendi leyst, vanta og ber að senda.

- e. Við reikninginn úr Norður-Múlasýslu 1895 þótti athugavert, að kvittun fyrir 7 kr. (Gjaldalið III) vantar, og ber að útvega hann og senda.
16. Amtsráðið tók til ihugunar að verkfærraskýrslum er sumstaðar nokkuð ábótavant, og ákvað það því að fela forseta sínum að láta prenta eyðublöð undir verkfærraskýrslur til útbýtingar í sýslunum.
 17. Framlagðar voru skýrslur og reikningar kvennaskólanna á Ytriey og Laugalandi. Eptir að amtsráðið hafði athugað skjöl þessi, ákvað það, að veita kvennaskólanum á Ytriey 100 kr. og kvennaskóla Eyfirðinga 50 krónur.
 18. Framlagt var brjef sýslumannsins í Austur-Skaptafellssýslu, dags. 20. apríl þ. á., með údrætti úr fundargjörðum sýslunefndarinnar, þar sem skýrt er frá, að sýslan þar gangi í samband við Múlasýslurnar, þannig að sýslan leggi til sitt búnaðarskólagjald og hluta sinn af eignum Suður-amsins, kr. 296,06 með áföllnum vöxtum, gegn því að sýslan eignist tiltölulegan hluta í allri skólaeigninni móts við Múlasýslurnar. Amtsráðið felur oddvita sínum að útborga til stjórnarnefndar skólans þann hluta, sem Austur-Skaptafellssýsla á í búnaðarskólasjóði, þegar samband þetta er komið á.
 19. Framlagt var brjef frá hjeraðslækni Zeuthen, dags. 15. f. m., þar sem hann óskar, að amtsráðið veiti meðmæli sín með þeirri tillögu lækna-fjelags Austfirðingafjórðungs, að reistur sje spítali á Austurlandi og helm-ingur af stofnunarkostnaðinum sje borgaður úr jafnaðarsjóði amtsins
Eptir nokkrar umræður ljet amtsráðið í ljósi, að það væri meðmælt því, að stofnaður yrði spítali á Austurlandi, en þar sem um allmikla fjárupphæð er að ræða, ákvað amtsráðið að fela forseta sínum að leita umsagnar sýslunefndanna um málið, svo og að útvega yfirlýsing bæj-arstjórnarinnar í Seyðisfjarðarkaupstað um það, hvort hún vildi leggja fram fje til spítala þessa og umsögn hennar um málið.
 20. Framlagðar voru skýrslur um fjárskoðanir í Múlasýslunum, en úr Norður-Þingeyjarsýslu voru engar skýrslur komnar. Amtsráðið athugaði hinar fyrirliggjandi skýrslur, síðan ákvað það að fela forseta sínum að heimta hinar vantandi skýrslur, svo og að láta framhalda skoðunum á sauðfje næsta vor í Norður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu.
 21. Amtsráðið kynti sjer rádstafanir þær, er Amtsráðið í Norðuramtinu hefði gjört viðvíkjandi óþrifum á sauðfje. Eptir nokkrar umræður um það mál, ákvað amtsráðið að fela forseta sínum að leggja fyrir sýslumann Þingeyjarsýslu að láta framfara, eigi síðar en fyrir lok næstkomandi nóvembermánaðar almenna böðun á sauðfje í Norður-Þingeyjarsýslu með einhverju badlyfi, sem væri óyggjandi gegn hverskonar óþrifum, og sömuleiðis fyrir aðra sýslumenn í amtinu að láta böðun á sauðfje fram

107

fara, ef nokkursstaðar kæmi fyrir veruleg óþrif á sauðfje, á öllu því svæði, þar sem hætt væri við að óþrifin breiddust út, svo skyldi og kveðja til hæfilega marga menn í hverjum hreppi til að sjá um framkvæmdir á böðun á hverju heimili, hver á sínu svæði, og skyldu þeir gefa skýrslu um böðunina samkvæmt fyrirmynd, er amtsráðið samþykkti.

Kostnaður sá, sem leiðir af eptirliti með böðunum, skal greiðast samkvæmt tilskipun 5. jan. 1866, 3. gr., en baðlyfin kosti eigendur sjálfir.

Jafnframt var forseta falið að leggja fyrir sýslumenn, að gjóra ráðstafanir til að fá nægilega marga menn til að annast útvegum á baðlyfum og að brýna fyrir hreppsnefndum að skora á menn að óska eptir baðlyfjum í tíma.

22. Fram voru lagðir eptirfylgjandi reikningar búnaðarskólans á Eiðum:
- Reikningur yfir tekjur og gjöld skólans árið 1895—96.
 - Viðskiptareikningur skólasjóðs og skólabús 18⁹⁵/₉₆.
 - Jafnaðarreikningur skólabúsins 6. júní 1896.

Amtsráðið rannsakaði reikninga þessa og úrskurðaði þá.

23. Amtsráðið tók til ihugunar, að nauðsynlegt væri að bókasafn amtsins yrði að sem mestum notum fyrir fjarlægari hjeruð amtsins, og þar sem ráðstafanir þær, sem gjörðar voru á amtsráðsfundi síðasta ár, hafa eigi reynzt fullnægjandi, þá var ákveðið að fela forseta, að undirbúa málið undir næsta fund. Ennfremur veitti amtsráðið bókasafninu 500 kr. styrk.

24. Var gjörð svohljóðandi áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins 1897.

Tekjur:

1. Væntanlegar eptirstöðvar 1896	kr. 1000 00
2. Jafnaðarsjóðsgjald	— 2000 00
	<u>Kr. 3000 00</u>

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	Kr. 850 00
2. Til heilbrigðismála	— 300 00
3. Til menntamála:	
a. Til bókaþauka handa Eiðaskóla	kr. 100 00
b. Til kvennaskóla á Ytríey	— 100 00
c. Til — Eyfirðinga	— 50 00
d. Til bókasafns Austuramtsins	— 500 00
e. Til verðlauna fyrir ritgjörð um óþrif á sauðfje	— 100 00
	<u>— 850 00</u>
4. Afborganir og vextir af láni til Skjálfafljótsbrúarinnar	— 81 48
5. Kostnaður við notkun fangahúss á Eskifirði	— 50 00
6. Óviss útgjöld	— 468 52
7. Eptirstöðvar	— 400 00
	<u>Kr. 3000 00</u>

25. Framlagt var brjef frá hjeraðslækni Fr. Zeuthen, dags. 2. júlí þ. á., þar sem hann óskar að sjer verði veittur 100 kr. styrkur af jafnaðarsjóði amtsins, til þess að sækja læknafund í Reykjavík 27. þ. m. Amtsráðið sá ekki fært að veita þenna styrk. 107

Fleiri mál komu ekki til umræðu og var svo fundi slitið.

Páll Briem. Einar Jónsson. Sigurður Einarsson. Árni Kristjánsson.

Doggr. Þórðarson.

Skrifstofu Austuramtsins 13. júlí 1896.

Páll Briem.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um bann gegn innflutningi á lifandi peningi til Bretlands. — Samkvæmt tilkynningu frá utauríkisráðaneytinu hefur frumvarp til laga um bann gegn innflutningi lifandi penings («the Contagious Diseases (Animals) Bill») hinn 9. þ. m. verið samþykkt við 3. umræðu í efri málstofunni á Englandi með 82 atkvæða mun, og verður því að lögum, þegar frumvarpið hefur öðlzt undirskript drottningarinnar. Nefnt ráðaneyti getur þess um leið, að lögin eigi að öðlast gildi 1. janúar 1897, og hafi stjórnin sett það tímaákvæði í lögin vegna Íslands og Noregs, í viðurkenningarskyni fyrir það, að lönd þessi nú sem stendur sju laus við (alla) næma sjúkdóma, og til þess að gefa þeim ráðrúm til að leita úrræða gegn afleiðingum innflutningsbansins. 109

27. júlí

Með skírskotun til fyrri brjefa ráðaneytisins snertandi málefni þetta, hið síðasta dagsett 17. f. m., er yður, herra landshöfðingi, þetta þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar, um leið og yður skal falið að birta hið nauðsynlegasta í þessu efni á þann hátt, er yður þykir bezt henta.

Reikningur

110

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins 1895.

Tekjur:

	kr. a.	kr. a.
I. Í sjóði við árslok 1894:		
a. Í ógoldnum fyrirframborgunum frá 1885	81 97	
b. Oborgað jafnaðarsjóðsgjald úr Suður-Múlasýslu	217 10	
c. Í peningum	1526 30	1825 37
II. Niðurjöfnun á lausafje í amtinu 20 aura á hvert gjaldskylt hundrað		2114 30
III. Endurgoldnar fyrirframborganir:		
Fyrir selda karbólsýru á Húsavík 95— ¹¹ / ₁₆ telst hjer.		0 14
	Samtals kr.	3939 81